



16th VIKING CONGRESS

Iceland 17th - 23rd August 2009

Dagana 17.-23. ágúst verður 16. Víkingafundurinn haldinn hér á landi en þetta er í annað sinn, síðan 1956, sem Víkingafundur er haldinn á Íslandi. Víkingafundir eru fjölbjóðlegar, þverfaglegar ráðstefnur innan víkingaaldarfræða sem haldnar hafa verið á fjögurra ára fresti um áratugaskeið. Tilgangur fundanna er að skapa breiðan, sameiginlegan fræðavettvang fyrir fræðimenn innan víkingaaldarfræða auk þess að kynna nýjustu rannsóknir og kenningar innan sviðsins og stuðla þannig að frjóu samstarfi þvert á landamæri og faggreinar.

Fyrri hluti ráðstefnunnar fer fram í Háskólatorgi Háskóla Íslands en síðari hlutinn í Snorrastofu í Reykholti og eru þátttakendur í fundinum tæplega 100 talsins. Þátttakendur koma frá öllum Norðurlöndunum auk Bretlandseyja og úr ýmsum fræðigreinum víkingaaldarfræða, s.s. sagnfræði, bókmenntafræði, fornleifafræði, rúnafræði, nafnfræði, myntfræði og þjóðfræði.

Verndari ráðstefnunnar er Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

Dagskrá ráðstefnunnar og aðrar upplýsingar má nálgast á heimasíðu hennar www.vikingcongress.com

Ráðstefnan sjálf er eingöngu ætluð skráðum þátttakendum en einnig verða í boði opnir fyrirlestrar sem öðrum gefst kostur á að sækja.

OPNIR FYRIRLESTRAR Á 16. VÍKINGAFUNDINUM

SUNNUDAGUR 16. ÁGÚST

20:00 Í HÁTÍÐASAL HÁSKÓLA ÍSLANDS

BIRGITTA WALLACE, FORNLEIFAFRÆÐINGUR VIÐ PARKS Í KANADA: *L'ANSE AUX MEADOWS: DIFFERENT DISCIPLINES, DIVERGENT VIEWS.*

MÁNUDAGUR 17. ÁGÚST

12:10-13:00 HÁSKÓLATORGI, STÓRA SAL

ELSE ROESDAHL, PRÓFESSOR Í MIÐALDAFORNLEIFAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Í ÁRÓSUM: *SCANDINAVIA IN THE MELTING POT, C. 950-1000.*

ÞRIÐJUDAGUR 18. ÁGÚST

12:10-13:00 HÁSKÓLATORGI, STÓRA SAL

PRZEMYSŁAW URBANZYK, PRÓFESSOR Í FORNLEIFAFRÆÐI VIÐ PÓLSKU
VÍSINDAAKADEMÍUNA Í VARSJÁ: *FORMATION OF THE ICELANDIC IDENTITY VIEWED
WITH THE HELP OF ARCHAEOLOGICAL EVIDENCE.*

MIÐVIKUDAGUR 19. ÁGÚST

12:10-13:00 HÁSKÓLATORGI, STÓRA SAL

JAMES GRAHAM-CAMPBELL, PRÓFESSOR EMERITUS Í MIÐALDAFORNLEIFAFRÆÐI VIÐ
UNIVERSITY COLLEGE LONDON: *THE DRAGON'S BED: GOLD AND SILVER IN VIKING-
AGE ICELAND – AND BEYOND.*

FÖSTUDAGUR 21. ÁGÚST

12:10-13:00 FYRIRLESTRASALUR SNORRASTOFU, REYKHOLTI

THOMAS McGOVERN, PRÓFESSOR Í DÝRABEINAFORNLEIFAFRÆÐI VIÐ HUNTER
COLLEGE, CUNY, NEW YORK: *VIKINGS IN THE INTERNATIONAL POLAR YEAR:
BLOODTHIRSTY, SUSTAINABLE AND EDUCATIONAL.*